


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði 303 THG3036 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari Halldór Torfi Torfason	Sk.st. HTT	Netfang dori@vma.is
---------------------------------------	-------------------	----------------------------

Undanfari: THG 203

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur enn frekari þekkingu og þjálfun í lestri og gerð húsgagnateikninga með áherslu á flóknari útfærslur, bogin form, smíðistengi og sjálfstæð vinnubrögð. Teiknaðar eru útlits- og vinnuteikningar úr verkefnasafni arkitekta og hönnuða að viðurkenndum húsgögnum. Meiri áhersla er lögð á að nemendur geti gert rúmmyndir af húsgögnum sem sýna form þeirra og lögun og fái æfingu í gerð einfaldra verklýsinga á grundvelli teikninga. Í áfanganum kynnast nemendur einnig notkun tölvutækni við gerð og miðlun teikninga og annarra hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmíðum og byggist að mestu á verkefnavinnu auk þess sem nemendur læra um viðmót og uppbyggingu algengustu teikniforrita.


Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á flóknari gerðum húsgagna
- þekki stöðluð mál á húsgögnum sem ætluð eru til almennra nota
- þekki útfærslur á flóknari samsetningum og smíðistengjum
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna flóknari samsetninga
- þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með flóknari teikningar af húsgögnum
- þekki allar gerðir uppdráttar og teikninga og almenn teiknitákn
- þekki fagheiti og skilgreiningar í flóknari húsgagnateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda verklýsingu með hliðsjón af húsgagnateikningu
- geti gert tíma- og kostnaðaráætlun fyrir smíði á flóknara húsgagni
- kynnist algengustu teikniforritum á tölvu og þekki notkun þeirra við gerð og miðlun hönnunaruppdráttar
- geti teiknað flestar gerðir húsgagna og hannað sveinsprófsverkefni
- geti gert litaðar rúmmyndir sem sýna form og útlit húsgagna
- geti gert fríhendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
- geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum
- geti sett fram hugmynd að húsgagni og unnið úr henni vinnuteikningar

Efnisatriði/kjarnahugtök

Húsgagnahönnun, arkitektar, húsgagnahönnuðir, hönnunarferli, hugmynd, rissmyndir, hlutverk og form, frjáls form, plast, málmar, formun, formbeygt tré, formlíming á tré, samkýling á tré, formpressun með hátíðni, lífrænn fúnksjónalismi, plastískt tré, inn-felldur spónn, eldri stíltegundir, tölvuteikning, tölvustudd hönnun.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði 303 THG3036 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Vinnan:

Vinna verður með svipuðu móti og í fyrri áföngum, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Aðalverkefni annarinnar verður hönnun og teikning lokaverkefnis í tengslum við LHG106, ásamt efnisskýrslu og verklýsingu fyrir það verkefni. Skoðuð verða ýmis húsgögn og smíði þeirra með áherslu á vinnuteikningar.

Ríflaðar verða upp aðferðir við stigateikningar í tengslum við verklega áfangann TRS102 og teiknaðir tveir tréstigar.

Vikuáætlun:

Vika	Verkefni	
2 – 3	Náttborð – Gamalt sveinspróf	Teikning/efnisskýrsla/ aðgerðalisti
3 – 7	Hönnun og teikning lokaverkefnis	Teikning/efnisskýrsla/ aðgerðalisti/kostnaður
8 – 19	Önnur húsgögn	Sófaborð/borðstofuborð
10 – 12	Stigar (í tengslum við TRS102)	Tveir tréstigar
14 – 17	Önnur húsgögn – Önnur teikniforrit	Sófaborð/borðstofuborð/ hægindastóll
18	Frágangur	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni því 100% til einkunnar. Lokaverkefnið hefur tvöfalt vægi á við önnur verkefni, sem vega jafnt. Verkefnum skal skila útprentuðum og í möppu fyrir 1. maí 2015.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtengdra áfanga

Ath:

Gert er ráð fyrir að nemendur geti þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

6. janúar 2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils